

Vinnuvernd er allra hagur.
Fyrir þig og þinn vinnustað.

Herferðin Vinnuvernd er allra hagur 2023-2025



Farsæl framtíð í vinnuvernd

#EUhealthyworkplaces

www.healthy-workplaces.eu



Inngangur

Stafræn tækni veitir nauðsynlega þjónustu og lausnir fyrir alla geira atvinnulífsins og samfélagsins. Stafræn tækni er ekki aðeins að breyta því hvernig við vinnum, heldur einnig hvar og hvenær við vinnum.

Vélfærafræði og gervigreind (e. artificial intelligence - AI) styðja og koma í stað starfsfólks sem starfar í hættulegu umhverfi. Stór gagnasöfnun (e. Big data) stuðlar að skilvirkari eftirlitskerfi. Fjarvinna veitir starfsmönnum aukið sjálfræði og sveigjanleika.

Þrátt fyrir ávinninginn eru áhrif stafrænnar væðingar á vinnuvernd (e. occupational safety and health - OSH) enn að koma fram og hafa enn ekki verið rannsökuð nægilega vel. Það er mikilvægt að kanna hugsanlegar áskoranir og áhættur og aðlaga regluverkið sem stuðlar að öryggi og verndar heilsu starfsmanna í samræmi við það.

Ef mannmiðuð nálgun er notuð við hönnun, innleiðingu, stjórnun og notkun stafrænnar tækni getur það hjálpað til við að tryggja öryggi starfsmanna og framleiðni fyrirtækja.

Um herferðina

Markmiðin eru að:

- Auka þekkingu á öruggri og afkastamikilli notkun stafrænnar tækni á öllum sviðum.
- Vekja athygli á vinnuverndaráskorunum sem tengjast stafrænni umbreytingu vinnu.
- Upplýsa um nýjar áhættur og tækifæri.
- Stuðla að áhættumati og öruggri stjórnun stafrænnar tækni á vinnustað.
- Stuðla að miðlun á upplýsingum og góðum starfsvenjum meðal viðeigandi hagsmunaaðila.



Herferðin tekur á eftirfarandi fimm forgangssviðum:

1. Stafrænni netvangsvinnu.
2. Sjálfvirkni verkefna.
3. Fjar- og blendingavinnu.
4. Starfsmannastjórnun í gegnum gervigreind.
5. Snjöll stafræn kerfi.

Hver má taka þátt?

Allir einstaklingar eða samtök sem hafa áhuga, bæði á evrópskum vettvangi og á landsvísu, af hvaða stærð sem er og úr hvaða geira sem er, einkum:

- Vinnuveitendur, yfirmenn, launþegar og vinnuverndarfulltrúar í einkafyrirtækjum og hinu opinbera.
- Tengipunktur Vinnuverndarstofnunar Evrópu (EU-OSHA) og aðilar vinnumarkaðarins og tengslanet þeirra.
- Nefndir um skoðanaskipti á milli aðila vinnumarkaðarins.
- Stjórnvöld.
- Vinnuverndarrannsóknasamfélag og vinnuverndar- og heilbrigðistækisamfélög.
- Vinnueftirlitsaðilar og sambönd þeirra.
- Almennatryggingar og lögbundin slysatryggingayfirvöld.
- Þverfaglegir sérfræðingahópar (siðfræði, lögfræði, upplýsingatækni).
- Menntastofnanir og menntageirann almennt.
- Hugbúnaðarhönnuðir, forritarar og birgjar og iðnhönnuðir (AI).
- Sprotasamfélög.
- Fjölmíðlar.

Nauðsynlegt er að byggja upp traust með því að upplýsa starfsmenn og ráðfæra sig við þá og leyfa þeim að taka þátt í hönnun og innleiðingu stafrænnar tækni og kerfa.

Hvernig getur þú tekið þátt?

- Aukið vitund fólks með því að dreifa kynningarefni herferðarinnar.
- Skipuleggja viðburði og aðgerðir, til dæmis vinnustofur, námskeið og samkeppnir.
- Efla verkfæri og úrræði til að stjórna vinnuverndaráhættu sem tengist stafrænni væðingu.
- Deila góðum starfsháttum á milli netkerfa þinna.
- Taka þátt í Verðlaununum fyrir góða starfshætti.
- Taka þátt í Evrópuviku vinnuverndar.
- Taka þátt í kynningarstarfsemi á samfélagsmiðlum.
- Gerast opinber samstarfsaðili herferðarinnar eða samstarfsaðili í fjölmiðlum.

Frekari upplýsingar og úrræði

Farðu á www.healthy-workplaces.eu/ til að finna ýmis hjálpargögn sem aðstoða þig við að kynna og styðja herferðina, til dæmis:

- Leiðbeiningar og verkfærasett herferðarinnar og annað tengt efni.
- Skýrslur, upplýsingablöð og greinar af OSHwiki.
- Verkfæri, upplýsingamyndir, hljóð- og myndefni og leiðbeiningar um góðar starfsvenjur.
- Upplýsingafundir á netinu um hvert forgangssvæði.

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum (Facebook, Twitter og LinkedIn) og deildu færslunum okkar. #EUhealthyworkplaces



Helstu dagsetningar

Upphaf herferðarinnar:

Október 2023

Evrópuvika vinnuverndar:

Október 2023, 2024 og 2025

Vinnuvernd er allra hagr skiptiviðburður góðra starfshátta:

Vor 2025

Niðurstöður Verðlaunanna fyrir góða starfshætti:

Apríl 2025

Leiðtogafundurinn Vinnuvernd er allra hagr:

Nóvember 2025

Vinnuverndarstofnun Evrópu **EU-OSHA** einsetur sér að gera vinnustaði í Evrópu öruggari, heilsusamlegri og afkastameiri. Stofnunin, sem stofnuð var af Evrópusambandinu 1994 og er staðsett í Bilbao á Spáni, rannsakar, þróar og miðlar áreiðanlegum, yfirveguðum og óhlutdrægum upplýsingum á sviði öryggis og heilbrigðis og vinnur með fyrirtækjum um alla Evrópu við að bæta vinnuaðstæður.

EU-OSHA stendur einnig fyrir herferðunum Vinnuvernd er allra hagur með stuðningi stofnana Evrópusambandsins og aðila vinnumarkaðarins í Evrópu. Landsskrifstofur stofnunarinnar sjá um skipulag herferðanna innanlands. Herferðin fyrir heilbrigða vinnustaði „**Farsæl framtíð í vinnuvernd**“ miðar að því að vekja athygli á vinnuverndartengdum áskorunum og áhættum sem tengjast stafrænni tækni og þörfinni á að stjórna þeim á öruggan og heilbrigðan hátt sem stuðlar að áhættumeningu sem styður forvarnir.

Vinnuverndarstofnun Evrópu

C/Santiago de Compostela 12
48003 Bilbao, SPÁNN

Tölvupóstur: information@osha.europa.eu

www.healthy-workplaces.eu

© Evrópska vinnuverndarstofnunin, 2023

Afritun er leyfð ef heimildir er getið.

Fyrir afritun eða notkun á myndum sem falla ekki undir annan höfundarrétt en EU-OSHA, þarf að leita leyfis beint frá rétthafa.

Ljósmyndirnar í þessu riti sýna fjölbreytt störf. Þær sýna ekki endilega góðar venjur eða fylgja áskilnaði laga.

Þýðing á vegum Þýðingarmiðstöðvarinnar (CdT, Lúxemborg) sem byggir á enskum frumtexta.